

Nr. 17/1894:

Lárus Bjarnason og landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins
 gegn

Guðmundi Sveinssyni, Páli Halldórssyni, Guðmundi Oddssyni og setudómaranum sýslumanni Birni Bjarnarsyni.

D ó m u r:

Mál þetta var samkvæmt skipun amtmannsins yfir Vesturamtinu og að fenginni gjafsókn höfðað af áfrýjandanum, settum sýslumanni í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði Lárusi Bjarnason fyrir gestarjetti Ísafjarðarsýslu gegn hinum stefndu, fyrir það, að þeir í kæruskjali til amtsins, er þeir ásamt fleirum öðrum höfðu undirskrifað, hefðu borið ranglega á hann ýmsar sakir, sem embættismann og privatmann, og var það dæmt í nefndum rjetti hinn 23. desembermán. f. á. þannig, að málinu var vísað frá rjettinum og stefndu dæmdar 50 kr. í kost og tæring af almannaþje.

Þessum dómi hefur af áfrýjendunum verið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. apríl þ. á., og hefir þess verið krafizt af hálfu Lárusar Bjarnason, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim aptur til dómsáleggingar í aðalefninu og að hinir stefndu in solidum eða in solidum ásamt undirdómaranum, sýslumanni Birni Bjarnarsyni, verði dæmdir til að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað með nægilegri upphæð. En af hálfu landshöfðingjans yfir Íslandi hefir þess verið krafizt, að ákvæði dómsins um, að landssjóður skuli greiða hinum stefndu 50 kr., sjeu

felld úr gildi og að undirdómaranum sje veitt hæfileg ráðning fyrir slíka lögleysu. Hinir stefndu hafa aptur á móti gjört þær rjettarkröfur, fyrst og fremst að málinu verði vísað frá yfirdómi, en til vara að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandinn Lárus Bjarnason verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað allan fyrir yfirdómi með nægilegri upphæð.

Að því er snertir frávísunarkröfu hinna stefndu, þá er hún byggð á því, að áfrýjendurnir lögðu eigi fram við fyrstu fyrirtekt málsins í yfirdóminum eptirrit af vitnaleiðslu, er fram hefði verið lagt fyrir undirrjetti og sem átti að vera fylgiskjal með undirdómsgjörðunum, en með því að vitnaleiðsla þessi snertir að engu leyti spurningu þá, um formhlið málsins, er málsaðilar lögðu undir úrskurð undirrjettarins og sem útkljáð er með hinum áfrýjanda dómi, og umrætt eptirrit af henni auk þess hefir verið framlagt af áfrýjendunum við síðari fyrirtekt málsins í yfirdóminum, þá er eigi ástæða til að vísa málinu frá yfirdóminum fyrir þessa sök.

Það sem tilfært er í hinum áfrýjanda dómi fyrir frávísun málsins eptir kröfu hinna stefndu, er það, að nokkúr hin síðari rjettarhöldin í málinu hafi verið haldin á Ísafirði eða utan varnarþinghár hinna stefndu, sem er í Eyrarhreppi, og hafi þó eigi samþykki þeirra verið fengið til þessara afbrigða frá varnarþingsreglunni í N. L. 1. 2. 3. En með því að hinir stefndu, sem höfðu veitt samþykki sitt til, að málið væri tekið fyrir á Ísafirði fyrstu 2 skiptin sem það var fyrir tekið þar, ljetu einnig mæta í málinu á Ísafirði eptir það mörgum sinnum og færa kröfur sínar í því til bókar í rjettinum, án þess nokkru sinni að hafa á móti því að málið væri rekið utan varnarþinghár þeirra, þá verður að líta svo

á, sem það hafi verið með þegjandi samþykki þeirra, að rjetturinn var haldinn á Ísafirði þessi síðari skipti, og gátu þeir því eigi löngu síðar krafizt þess, að málið væri ónýtt fyrir þá sök, að það hefði verið heimildarlaust rekið utan varnarpings þeirra. Það verður því eigi álitid rjett, að undirdómarinn frávísaði málinu og ber að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi að því þetta ákvæði hans snertir og skylda undirdómarann til að taka málið upp af nýju í því ástandi, er það var áður en hinn áfrýjaði dómur var uppkveðinn, og gefa málsaðilum, sem að eins lögðu þessa einu spurningu um formhlið málsins undir úrskurð eða dóm, kost á að halda málinu áfram fyrir undirrjettinum. Að því er kemur til ákvæðis dómsins um að hinum stefndu skuli greiddar 50 kr. í kost og tæring af almannaþje, þá var engin heimild til þess, þó að málið væri gjafsóknarmál af hálfu áfrýjandans, Lárusar Bjarnason, að leggja á almannaþje eða landssjóðinn málskostnaðargreiðslu til stefndu, og ber því eptir kröfu landshöfðingjans yfir Íslandi fyrir landssjóðsins hönd að fella dóminn úr gildi einnig að þessu leyti. Eptir úrslitum málsins virðist rjett, að hinir stefndu greiði áfrýjunarkostnaðinn, þannig, að Guðmundur Sveinsson, Páll Halldórsson og Guðmundur Oddsson greiði 40 kr., hver að $\frac{1}{3}$, til áfrýjanda Lárusar Bjarnarson, og hinn stefndi, sýslumaður Björn Bjarnarson, 20 kr. til landshöfðingjans yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal úr gildi felldur og málinu heim vísað til nýrrar og löglegrí fyrirtektar

af nýju af undirdómaranum. Hinir stefndu Guðmundur Sveinsson, Páll Halldórsson og Guðmundur Oddsson greiði í málskostnað áfrýjanda Lárusi Bjarnason 40 kr., hver þeirra að $\frac{1}{3}$, og stefndi sýslumaður Björn Bjarnarson 20 kr. til landshöfðingjans yfir Íslandi, fyrir hönd landssjóðs, er lúkist hvorttveggja innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 24/1894 :

Árni prestur Jónsson á
Skútustöðum
gegn
eigendum Geirastaða.

D ó m u r :

Í landamerkjamáli þessu milli kirkjujarðarinnar Vindbelgjar og bænda eignarinnar Geirastaða, sem dæmt var í hjerði 30. júní 1893 og áfrýjað hefir verið til yfirdómsins af prestinum í Skútustaðaprestakalli sem umráðamanni Vindbelgjar, með stefnu, útgefinni 12. júní p. á., hafa hinir stefndu, eigendur Geirastaða, eigi mætt nje látið mæta fyrir yfirdóminum. Þar sem nú vottorð stefnuvottanna um birting stefnunnar, að því er annan hinna stefndu, Sigurð Sigurjónsson, snertir, hljóðar svo, að stefnan sje birt á lögheimili hans, en getur eigi um það fyrir hverjum hún hafi verið birt, eins og fyrirskipað er í tilsk. 3. júní 1796, 20. gr., og þar sem vottorð stefnuvottanna um birting hennar fyrir báðum hinum stefndu eigi er staðfest með innsiglium þeirra, og stefnan auk þess hefir eigi verið formlega